



Verkamannafélagið Dagsbrún: Lög, fundarsköp, reglugerðir og skipulagsskrá 1933

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Verkamannafélagið Dagsbrún – Lög – Fundarsköp – Reglugerðir
Skipulagsskrá

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-1, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VERKAMANNAFÉLAGIÐ
DAGSBRÚN



LÖG OG FUNDASKÖP,
REGLUGERÐIR OG SKIPULAGSSKRÁ


VERKAMANNAFÉLAGIÐ DAGSBRÚN



Lög Verkamannafélagsins „Dagsbrún“	bls. 3
Fundasköp	— 16
Reglugerð fyrir „Styrktarsjóð verkamanna í Dagsbrún“	— 19
Skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð verkamanna- og sjómanna-félaganna í Reykjavík“	— 25
Reglugerð Vinnudeilusjóðs Verkamannafélagsins „Dagsbrún“	— 28

REYKJAVÍK
ALDÝÐUPRENTSMÍÐJAN
1933

VERKAMANNAFÉLAGIÐ
DAGSRÚN



Lög

verkamannafélagsins „Dagsbrún“.

I. Nafn og umdæmi.

1. gr.

Félagið heitir „Verkamannafélagið Dagsbrún“ og nær starfssvið þess yfir Reykjavíkurlögsagnarumdæmi og Seltjarnarneshrepp. Félagið er deild úr Alpýðusambandi Íslands.

II. Tilgangur.

2. gr.

Tilgangur félagsins er sá, að styðja og efla hag félagsmanna og menningu, á þann hátt sem kostur er á, meðal annars með því að ákveða vinnutíma og kaupgjald og stuðla að því að verkalýðurinn taki sjálfstæðan þátt í stjórnámálum lands og bæjarfélags í samræmi við önnur verkalýðsfélag og Alpýðusamband Íslands.

III. Skyldur og réttindi.

3. gr.

Sérhver daglaunamaður og verkamaður getur sótt um að verða meðlimur félagsins, ef hann er:

1. Fullra 16 ára að aldri,
2. Fær til allrar algengrar erfiðisvinnu.

4. gr.

Sá er verða vill meðlimur félagsins samkv. 3. gr., verður að senda formanni skriflega viðtökubeiðni með árituðum meðmælum tveggja félagsmanna, en formaður ber hana undir atkvæði á lögmatum félagsfundi. Verði $\frac{2}{3}$ atkvæða á fundinum með beiðninni er innsækjandi orðinn löglegur meðlimur félagsins, enda hafi hann þá greitt 5 kr. inngangseyri.

Hafi manni verið synjað um viðtöku með atkvæðagreiðslu má ekki bera upp aftur viðtökubeiðni frá honum fyr en að liðnum 2 mánuðum.

5. gr.

Sérhver félagsmaður er skyldur að kaupa félagsmerki „Dagsbrúnar“ og bera við vinnu.

6. gr.

Eigi hafa aðrir en þeir, er 3. gr. tiltekur, rétt til að láta bera upp inntökubeiðni í félagið. Undanþágu má veita frá þessu með samþykki Alþýðusambands Íslands. Þeir félagsmenn, sem ekki fullnægja skilyrðum 3. greinar, eru ekki bundnir við kauptaxta félagsins eða samninga, sem það gerir við atvinnurekendur, enda eiga ekki atkvæði um þau mál.

7. gr.

Ef einhver félagsmaður getur ekki unnið fyrir fullu kaupum við erfiðisvinnu, sökum elli, lasleika eða þroskaleysis, getur hann gert kröfu til stjórnar félagsins um undanþágu frá ákvæðum verkkaupssamninga félagsins við atvinnurekendur. Skal þá stjórnin skípa 3 menn í nefnd til að kynna sér ástæður hans. Leggi nefndin til að undanþágan

sé veitt, skal stjórnin veita hana og taka um leið fram í hverju undanþágan er fólgin og fyrir hve langan tíma hún er veitt. Undanþágu skal veita mönnum, sem eru 65 ára eða eldri, án nefndarskipunar. Menn sem eru 60—70 ára að aldri greiði hálf tveggja ársgjald, eldri félagar eru gjaldfrjálsir.

8. gr.

Allir félagsmenn eru skyldir að hlýða lögum félagsins og fundarsamþykktum og uppfylla samninga, sem það hefir gert við atvinnurekendur eða aðra. Enginn getur, nema hann beri fram afsökun, sem fundur tekur gilda, skorast undan að taka á móti kosningu í stjórn eða útnefningu til annars starfs í þarfir félagsins. Skyldur er og hver maður að taka á móti endurkosningu í 2 skifti eða gegna einhverju starfi, sem hann er skipaður í eða kosinn til næstu 3 ár, en að þeim tíma liðnum getur hann fengið sig undanþeginn því í 3 næstu ár þar á eftir.

Hver félagsmaður, sem verður þess vís, að lögbot hafi átt sér stað í félaginu, er skyldur til að lýsa yfir því við deildarstjóra sinn, formann félagsins eða á fundi.

9. gr.

Ef félagsmaður er sakaður um lagabrot, skal leggja það mál í gerðardóm, ef félagsfundur álitur þess þörf. Skal fundur sá, er það gerir, ákveða hve margir menn skuli vera í dómnum og hvernig hann á að haga störfum sínum að öðru leyti. Dæma má menn til fésektta eða brottreksturs úr félaginu. Skjóta má þeim dómi til

Alþýðusambands Íslands, en dómurinn gildir þar til sambandið hefir ákveðið annað.

10. gr.

Úrsögn úr félaginu getur átt sér stað, sé úrsegjandi skuldlaus við félagið. Skal hún vera skrifleg og afhendast formanni. Sá, er segir sig úr félaginu, skal láta félagsskirteini og félagsmerki sitt fylgja úrsögninni.

11. gr.

Ef maður segir sig úr félaginu skal á þeim fundi, þar sem úrsögnin er lesin upp, skipa þriggja manna nefnd til að tala við úrsegjanda. Verður úrsögnin ekki tekin gild nema eftir tilöggu nefndarinnar.

12. gr.

Hver sá maður er rækur úr félaginu, sem að álitum félagsfundar eða gerðardóms hefir unnið því ógagn, bakað því tjón eða gert því eitthvað til vana, sem ekki er álitum að bætt verði með fé, svo og hver sá maður, sem ekki hlýðir lögum þess eftir gefna áminningu eða uppkveðinn dóm í félaginu.

13. gr.

Ef manni er vikið úr félaginu samkvæmt 12. gr., má ekki taka hann inn í félagið fyr en að ári liðnu, og því að eins þá, að hann hafi bætt fyrir brottrekstrarsök sína. Þó má veita þeim undanþágu frá þessu, sem vikið hefir verið úr félaginu fyrir vangreiðslu á árstíllögum.

14. gr.

Félagsmenn hafa rétt til að vera meðlimir í „Styrktarsjóði verkamanna í Dagsbrún“, og aðrir ekki, en bundnir eru þeir við ákvæði sérstakrar reglugerðar þess sjóðs.

15. gr.

Hver skuldlaus félagsmaður hefir rétt til að fá styrk úr „Styrktarsjóði verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík“ samkvæmt skipulagsskrá þess sjóðs.

IV. Stjórn.

16. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, féhirðir og fjármálaritari. Varastjórn skipa 3 menn með sömu verkaskiftingu og þrír hinir síðasttöldu.

17. gr.

Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Í upphafi hvers fundar hefir hann leyfi til að stinga upp á einhverjum viðstöddum félagsmanni til að stjórna fundinum. Hann undirskrifar gerðir félagsins og gætir þess, að allir starfsmenn geri skyldur sínar. Hann hefir umsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því, að fylgt sé lögum þess og reglum í öllum greinum. Hann geymir skjöl þess, ef það hefir ekki skrifstofu, ella skulu þau geymd þar. Hann ávísar reikningum á félagið til greiðslu.

18. gr.

Ritari heldur fundargerðabækur félagsins og innfærir í þær allar fundargerðir, lagabreytingar og aðalreikning. Hann skal annast bréfaskriftir þess í samráði við formann.

19. gr.

Féhirðir hefir á hendi fjárhald félagsins og bókfærslu, sem að því lýtur, eftir nánara fyrirlagi stjórnarinnar. Sjóð félagsins skal hann geyma á vöxtum í banka eða á öðrum jafn tryggilegum stað, eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Skyldur er hann að setja tryggingu fyrir sjóði félagsins, ef stjórnin krefst þess. Að öðrum kosti ber stjórnin ábyrgð á félagssjóði.

20. gr.

Fjármálaritari innheimtir ársgjöld félagsmanna og aðrar tekjur félagsins. Hann afhendir féhirði jafnótt fé það, sem hann innheimtir og tekur viðurkenningu hans fyrir. Hann heldur skrá yfir félagsmenn og tilkynnir formanni, ef einhver félagsmaður hefir ekki greitt ársgjald sitt í tæka tíð.

21. gr.

Varamennirnir gegna allir sömu störfum og aðalmennirnir í stjórninni í forföllum þeirra, en skyldir eru aðalmennirnir að tilkynna varamönnum forföll sín með nægum fyrirvara, ef unt er.

22. gr.

Á lögætum félagsfundi fyrri hluta vetrar skal kosin þriggja manna nefnd. Hlutverk hennar er að tilnefna 5 menn til að vera í kjöri sem stjórnendur félagsins, enn fremur þriggja manna

varastjórn, tvo endurskoðendur og einn varaendurskoðanda.

23. gr.

Stjórn félagsins skal láta gera skrá yfir alla aðalfélaga í sérstakri bók (kjörskrá). Skal merkja við hvern þann í skránni, er nýtt hefir atkvæðisréttar síns.

24. gr.

Kosið skal í skrifstofu félagsins frá 2. jan. til dagsins fyrir aðalfund. Kjósandi merkir með krossi við nafn þess er hann kýs í hvert sæti, vilji hann kjósa einn eða fleiri en tilnefndir eru af tillögunefndinni, skrifar hann nafn eða nöfn er hann óskar að kjósa aðra, í auðu línuna eða línuna neðan við nafnið eða nöfnin og krossar við, en strikar út nafn þess eða þeirra, sem í kjöri eru eftir tillögu nefndarinnar og hann óskar ekki að kjósa.

25. gr.

Hver kjörseðill skal látinn í tvö umslög. Á ytra umslagið skal kjósandi rita nafn sitt og númer í félaginu, með eigin hendi. Atkvæðaseðilinn láti hann í innra umslagið, sem sé án áritunar og sé skilað aftur límdu. Atkvæðaseðilinn skal kjósandi síðan láta í lokaðann atkvæðakassa, er sé í skrifstofu félagsins. Lykil að kassanum geymir forseti Alpýðusambands Íslands, er gengur úr skugga um, að kassinn sé tómur áður en kosning hefst. Þeir, sem í kjöri eru af hálfu tillögunefndar, svo og aðrir, sem fyrir fram er kunnugt um að hafi 50 stuðningsmenn til kjörs, mega innsigla kassann með innsigli sínu, áður en kosning hefst.

26. gr.

Talning atkvæða fer fram daginn fyrir aðalfund, og má taka við atkvæðum til kl. 12 á hádegi þann dag. Stjórn Alþýðusambands Íslands telur atkvæði og úrskurðar kosningu.

27. gr.

Kjörseðill er gildur, ef hann ber greinilega með sér hvern eða hverja kjósandi hefir ætlað að kjósa og engin sérstök auðkenni séu á honum, er sýni hver hafi kosið. Aldrei má kjósa fleiri en einn í hvert sæti.

28. gr.

Úrslit kosninga skulu tilkynnt á aðalfundi, og eru þeir kosnir, sem flest fá atkvæði, hver í sínu sæti. Fáí tveir jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

29. gr.

Fulltrúar og varafulltrúar á sambandsþing og í fulltrúaráð verklýðsfélaganna í Reykjavík skulu kosnir með skriflegri atkvæðagreiðslu. Fyrst séu kosnir aðalfulltrúar og síðan varafulltrúar. Kosnir eru þeir, sem flest fá atkvæði. Séu atkvæði jöfn um tvo eða fleiri, fer fram aukakosning um þá. Stjórn félagsins eða meiri hluti atkvæða á félagsfundi getur ákveðið, að kosningu fulltrúa og varafulltrúa verði hagað eins og stjórnarkosningu.

V. Fundir.

30. gr.

Félagið heldur fundi tvisvar í mánuði á tímabilinu frá 1. sept. til 1. marz og einn fund í hvor-

um mánuði marz og apríl. Aukafundi heldur það, þegar stjórninni þykir ástæða til eða þegar minst 25 félagsmenn krefjast þess. Formaður skipar dyra-vörð áður en fundur er settur.

Allir fundir eru lögmatir, ef til þeirra hefir verið boðað með minst sólarhrings fyrirvara eða meir annaðhvort með uppfestum auglýsingum eða í Alþýðublaðinu.

31. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn síðari hluta janúar ár hvert. Þar skulu lagðir fram reikningar félagsins endurskoðaðir til athugunar og samþykktar. Þar skal lýsa kosningu stjórnar, varastjórnar, endurskoðunarmanna og varaendurskoðanda. Þá skulu ákveðin laun starfsmanna félagsins, ef einhver eru. Á næsta fundi eftir aðalfund tilkynnir formaður hverjir skipaðir eru í hinar föstu nefndir og hverjir dyraverðir.

32. gr.

Fundum skal stjórna eftir fundarsköpum, sem félagið hefir samþykkt. Vafaatriði um fundarsköp úrskurða fundir við einstök tækifæri. Að öðru leyti fer fundarstjóri eftir því, sem honum þykir best henta.

VI. Deildaskifting.

33. gr.

Félagið skiftist í deildir, og nefnast þær eftir tölustöfum í röð. Í hverri deild mega vera flestir 30 menn, en fæstir 20, og skal hver félagsmaður hafa ákveðið númer í félaginu.

34. gr.

Eftir aðalfund hvern skipar stjórnin deildarstjóra. Skulu þeir innheimta félagsgjöld í deildunum, sjá um að meðlimir kaupi og beri á sér félagsmerki Dagsbrúnar, hafa eftirlit með því að lögum og reglum sé hlýtt, og tilkynna stjórninni, ef út af er brugðið, annast þeir og önnur störf, sem formaður eða stjórnin fyrirskipa.

Deildarstjórar skulu hafa fundi með sér og stjórninni eða fundi í deildum sínum, þegar stjórnin mælir svo fyrir.

Ef deildarstjóri getur ekki rækt starf sitt sökum fjarveru eða annara hindrana skal hann fá mann úr deildinni til að gegna störfum sínum fyrir þann tíma og tilkynna það formanni félagsins.

Hafi maður í félaginu bústaðaskifti, skal hann þegar í stað tilkynna það deildarstjóra sínum.

35. gr.

Félagið hefir gestadeild, og er hún ætluð aðkomumönnum, sem stunda vinnu í bænum stuttan tíma á árinu. Nefnast þeir gestir og greiði hálf árgjald fyrir fram auk inntökugjalds. Þeir eiga sæti á félagsfundum og málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt. Þeir fá sérstök skirteini, sem þeim ber að skila, er þeir fara burtu úr bænum.

36. gr.

Félagið hefir sérstaka deild fyrir piltu innan 16 ára, sem stunda algenga verkamannavinnu í bænum. Skal ákveða meðlimagjöld hennar sérstaklega, og enn fremur skal hún hafa eigin starfsemi og stjórn eftir því, sem félagið samþykkir þar um.

37. gr.

Skyldur er hver félagsmaður að stuðla að því eftir mætti, að aðkomnir verkamenn gangi í gesta-deildina. Fáist aðkomumaður ekki til þess, er félagsmönnum óheimilt að vinna með honum. Enginn félagsmaður má neita öðrum félagsmanni um að sjá félagsskirteini sitt.

VII. Félagsskirteini.

38. gr.

Allir skuldlausir félagsmenn og nýir félagar eiga rétt á að fá félagsskirteini hjá stjórninni. Skirteinið sannar hvar sem er félagsrétt manna. Þegar á fund er farið skal hver félagsmaður sýna dyra-verði félagsskirteinið við innganginn, ella er honum ekki heimil innganga í fundarsalinn nema formaður eða fundarstjóri leyfi.

VIII. Fjármál.

39. gr.

Upphæð árstíllags og greiðsluaðferð skal ákveða á aðalfundi hverjum fyrir það ár, sem yfir stendur. Skal félagsstjórnin leggja fyrir aðalfund ákveðnar tillögur um það. Tillaga um lækkun á árstíllagi nær því að eins samþykki að $\frac{2}{3}$ atkvæða séu með henni. Gjaldlagi árgjaldsins er 15. marz ár hvert.

40. gr.

Af tekjum félagsins skulu greidd öll útgjöld við störf þess, svo sem húsaleiga, prentunarkostnaður,

tillag til Alþýðusambandsins og annar kostnaður, sem stafar frá samþykktum félagsfunda eða stjórnar.

IX. Fræðslunefnd.

41. gr.

Félagsstjórnin skipar 5 manna fræðslunefnd á næsta fundi eftir aðalfund, og er hún fastanefnd alt árið. Skal hún annast um að haldnir séu fyrirlestrar eða ræður fluttar á fundum í félaginu, svo oft sem því verður komið við. Skal hún haga svo til, að efni sé valið eftir þörfum og hæfi félagsmanna; einkum ber henni að láta leiðbeiningar og fræðslu í þjóðmegunarfræði, félagsfræði og jafnaðarmálum ganga fyrir öðru. Hún skal og hafa ásamt stjórn félagsins meðgerð með útgáfu rita eða bóka, sem félagið kostar eða tekur þátt í.

Visa skal til fræðslunefndar til umsagnar erindum, sem félaginu berast frá fræðslustjórn Fulltrúaráðs verkklýðsfélaganna í Reykjavík.

X. Allsherjar atkvæðagreiðsla.

42. gr.

Stjórn félagsins eða lögmætur fundur getur ákveðið að láta fara fram allsherjaratkvæði í félaginu um mál, sem lögð eru þannig fyrir, að hægt sé að svara með jái eða nei, eða kjósa milli tveggja tillagna, og skulu þá tilbúnir greinilegir atkvæðaseðlar um málið, svo kjósandi þurfi að eins að krossa við já eða nei, eða við aðra tillöguna, ef tvær eru. Ráðleggingar félagsfundar eða stjórn-

ar viðvikjandi atkvæðagreiðslunni mega fylgja á atkvæðaseðlinum.

XI. Lagabreytingar.

43. gr.

Lögum þessum má breyta á löglegum fundi í félaginu hvenær sem er, ef breytingin hefir áður verið rædd á löglegum fundi. Til þess að breytingin nái gildi, verður hún að vera samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Um leið og samþykkt er breyting á lögum skal ákveða með fundarsamþykkt hvenær breytingin gengur í gildi.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á félagsfundi 26. febr. 1933.

Héðinn Valdimarsson
formaður.

Kr. Arndal
ritari

Fundasköp

verkamannafélagsins „Dagsbrún“.

1. gr.

Nú er fundur löglega boðaður og liðinn fjórðungur stundar fram yfir ákveðinn fundartíma, en hvorki formaður né varaformaður kominn til fundar, þá skulu fundarmenn kjósa sér fundarstjóra fyrir þann fund allan.

2. gr.

Þegar eftir fundarsetningu les fundarstjóri upp dagskrá. Skytt er fundarstjóra að bæta þar við málum, sem einstakir fundarmenn bera fram og óska tekin upp á skrána. Verði ágreiningur um röð mála á skránni, skal úr honum skorið með atkvæðagreiðslu, ef beinar tillögur koma fram. Ella úrskurðar fundarstjóri röð málanna.

3. gr.

Eftir að dagskrá er samþykkt, les ritari upp gerðabók síðasta fundar, en fundarstjóri leitar úrskurðar fundarins um bókinu. Komi fram tillögur til breytingar eða viðauka, sem ritari felst á eða fundurinn staðfestir með atkvæðagreiðslu, skal geta þeirra í næstu fundargerð á eftir. Fundarstjóri og ritari undirskrifa gerðabókina.

4. gr.

Fundarstjóri skal stuðla að því eftir megni, að gott skipulag sé á meðferð mála við umræður, gæta þess að ræðumenn haldi sér við umræðu-

efni, og gefa bendingar um rökfasta úrgreiðslu málanna, ef með þarf. Ekki má hann taka beinan þátt í umræðum úr fundarstjóraseti.

5. gr.

Ef formaður vill víkja úr fundarstjóraseti vegna þess, að hann tekur þátt í umræðum, eða af öðrum ástæðum, getur hann falið öðrum fundarmanni að stýra fundinum.

Eigi að siður ber formaður alla ábyrgð á fundarstjórninni.

6. gr.

Fundarstjóri leyfir mönnum að tala í þeirri röð sem þeir biðja sér hljóðs. Þyki fundarstjóra ræður dragast óþarflega, getur hann breytt frá þessari reglu, og einnig getur hann ákveðið hverjum ræðumanni stuttan ræðutíma.

Fundarmenn geta krafist þess að umræðum sé hætt, og lætur fundarstjóri fundinn skera úr því með atkvæðagreiðslu umræðulaust.

Ræðumenn skulu tala standandi.

7. gr.

Fundarmenn skulu hafa hljótt meðan umræður fara fram. Samtal eða hark af umgangi eða nokkur annar órói má ekki eiga sér stað meðan umræður fara fram. Beri út af því má fundarstjóri víkja þeim af fundi er veldur, og slíta fundi ef mikil brögð eru að. Óhlýðni gegn fundarsköpum skal telja lagabrot.

8. gr.

Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram skriflega á seðlum, ella greiða menn atkvæði með því að rétta upp hægri hönd. Þyki fundarstjóra atkvæða-

greiðslan óglögg, getur hann endurtekið atkvæða-
greiðsluna og skipar 2 menn til að telja atkvæði.
Enginn má greiða atkvæði um einkamál sitt.

9. gr.

Við kosningar skal kjósa um framkomnar upp-
ástungur, ef ekki er öðruvísi fyriræft í lögum fé-
lagsins. Þeir einir teljast í kjöri sem stungið hefir
verið upp á. Sé að eins 1 í kjöri eða jafnmargir
og kjósa á eru þeir kosnir án atkvæðagreiðslu.

10. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu-
ur og kosningar, nema öðruvísi sé ákveðið í fé-
lagslögnum.

Breytingartillögu skal bera upp á undan aðal-
tillögu. Tillögu, sem tekin er aftur, má annar
fundarmaður bera upp að nýju.

Felda tillögu má ekki bera upp aftur á sama
fundi.

11. gr.

Sá, sem flest atkvæði fær við nefndarkosningu
eða fyrst er til nefndur, ef atkvæði eru jöfn, skal
kalla nefndina saman til fyrsta fundar.

12. gr.

Það skal vera regla, að leiða ekki mikilsvarð-
andi mál til lykta á fyrsta fundi, sem þau koma
fyrir, hafi þeirra ekki verið getið sérstaklega í
fundarboðinu, nema svo sé ástatt, að úrskurður
málsins þoli ekki bið að skaðlausu.

Þannig samþykkt á félagsfundi 20. dez. 1919.

Reglugerð

fyrir

„Styrktarsjóð verkamanna í Dagsbrún“.

1. gr.

Sjóður sá, sem þessi reglugerð er sett fyrir,
heitir „Styrktarsjóður verkamanna í Dagsbrún“.

2. gr.

Tilgangur sjóðstofnunar þessarar er sá, að veita
fjárstyrk bágstöddum verkamönnum í Reykjavík
með þeim takmörkunum, sem settar eru í þessari
reglugerð eða settar kunna að verða síðar í sam-
ræmi við hana.

3. gr.

Enginn getur orðið meðlimur sjóðsins nema hann
hann sé löglegur meðlimur Verkamannafélagsins
„Dagsbrún“ í Reykjavík. Gildir þetta ákvæði svo
lengi, sem nefnt félag er við liði og fylgir fram
sinum eigin lögum í öllum aðalatriðum.

Nú missir meðlimur sjóðsins félagsréttindi í
Verkamannafélaginu, og er hann þá útilokaður frá
Styrktarsjóðnum nema elli eða heilsubrestur, sem
gerir hann ófæran til almennrar erfiðisvinnu, valdi
brottför hans.

4. gr.

Árlegt iðgjald til sjóðsins er 6 kr. af hverjum
meðlim. Skal það greitt fyrir 1. júní ár hvert.
Inntökugjald er 10 kr.

Nú hefir meðlimur ekki greitt gjald sitt í árslok 31. dez., og tvöfaldast þá gjaldið frá þeim tíma og fram að næsta gjalddaga. Ef meðlimur greiðir ekki heldur á því tímabili, má telja hann útilokaðan frá sjóðnum.

5. gr.

Sá, sem óskar að gerast meðlimur sjóðsins, verður að gera formanni aðvart um það skriflega og greiða um leið 10 króna inntökugjald. Formaður leitar sér vitneskju um hvort fyrirmælt skilyrði eru fyrir hendi, og færir nafn umsækjanda á meðlimaskrá ef svo reynist.

6. gr.

Á aðalfundi ár hvert skal kjósa 5 menn í stjórn fyrir sjóðinn: formann, ritara, féhirði og 2 aðstoðarmenn. Þessir 5 menn stýra málefnum sjóðsins og framkvæmdum milli aðalfunda. Auk þess skal kjósa 2 varamenn í stjórnina, sem komá í stað aðalmananna í forföllum þeirra.

7. gr.

Stjórnin kemur saman á fund hvenær sem formaður óskar, eða 2 menn aðrir úr stjórninni.

Styrkbeiðnir, sem koma til stjórnarinnar, verða ekki útborgaðar fyr en í dezembermánuði.

Styrkbeiðnir, sem síðar koma en 30. nóvember, verða ekki teknar til greina.

8. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Stjórnarfundur er lögmaður ef 4 menn sitja hann, ef hann er boðaður með að minsta kosti 12 stunda fyrirvara. Verði atkvæði jöfn á stjórnar-

fundi, fellur tillaga sú, sem atkvæði voru greidd um.

9. gr.

Ritari heldur gerðabók og færir í hana jafnótt ákvarðanir funda. Skal bókin lesin upp í fundarlok og undirrituð af öllum fundarmönnum á stjórnarfundi, en fundarstjóra og ritara á öðrum fundum.

10. gr.

Féhirðir annast fjárheimtu sjóðsins og kemur peningum á vöxtu jafnótt og þeir koma inn, á þeim stað, sem stjórnarfundur ákveður.

11. gr.

Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á því, að ekkert fari forgörðum af eignum sjóðsins, og úthlutfðu fé sé varið samkvæmt tilgangi hans.

12. gr.

Aðalfundur kys 2 menn til að yfirskoða reikninga sjóðsins og 1 til vara, til þess má kjósa aðra en meðlimi sjóðsins, ef svo sýnist. Skal féhirðir fá þeim í hendur fullkominn ársreikning fyrir síðastliðið almanaksár ásamt fylgiskjölum og eignum sjóðsins að minsta kosti viku fyrir aðalfund, en þeir skili formanni degi fyrir aðalfund.

13. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal stjórn sjóðsins boða til hans með tveggja daga fyrirvara í einu dagblaði bæjarins. Fundurinn er lögmaður ef til hans er boðað á þennan hátt. Fundarstjóri skal kosinn í byrjun fundarins; stýrir stjórnarformaður kosningu hans.

Þá skulu lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar sjóðsins yfir næstliðið ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda. Kosin stjórn, endurskoðunarmenn, varamenn og rædd önnur mál, sem upp kunna að verða borin á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi.

14. gr.

Aukafund skal halda þegar meiri hluti stjórnar æskir þess, eða þegar 30 meðlimir æskja þess skriflega að tilgreindu fundarefni. Um lögmati aukafundar gilda sömu reglur og um aðalfundi.

15. gr.

Sérhver meðlimur sjóðsins hefir rétt til að sækja um styrk úr honum, ef hann hefir greitt 2 ársgjöld í sjóðinn og verið meðlimur hans minst 2 ár. Umsóknina ber að stila til stjórnar sjóðsins og senda formanni skriflega. Umsóknin skal fela í sér allar upplýsingar um efnahagsástand og ástæður umsækjenda.

16. gr.

Nú deyr meðlimur sjóðsins, hefir þá að eins eftirlifandi ekkja hans og barn ófjárráða rétt til sama styrks úr sjóðnum sem öðrum styrkbeiðendum er veittur næstu 3 ár.

17. gr.

Stjórn sjóðsins hefir með höndum úthlutun styrktarþjá. Engum má veita styrk, sem stendur í skuld við sjóðinn þegar styrkbeiðnin kemur fram.

18. gr.

Engum má veita styrk oftari en einu sinni á ári. Skulu allir styrkþegar fá jafna upphæð. Á einu

ári má úthluta helming ársiðgjalda og $\frac{1}{5}$ vaxta eftir því, sem það hvorttveggja var tilfært á síðasta ársreikningi. Helmingur iðgjalda og $\frac{1}{4}$ vaxta, svo og annað það fé, sem sjóðnum áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn árlega, að því undanteknu, sem eyða þarf í tilkostnað við stjórn sjóðsins, svo sem fundahöld, fundaboð, ritföng, bækur, prentun reglugerðar, þóknun til féhirðis og fl.

Sjóðinn ber að ávaxta á sem tryggilegastan og arðmestan hátt. Höfuðstólinn má ekki skerða fyr en sjóðurinn er orðinn 18 000 krónur, þá og eftir það má verja sem styrktarfé allt að 3000 kr. af höfuðstólnum ef óvanalegt harðæri ber að höndum, atvinnubrest eða veikindaár. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn meir en svo, að eftir verði 15 000 kr. Þá má og verja til styrkveitingar árlega öllu iðgjaldinu og $\frac{1}{2}$ vöxtum.

19. gr.

Nú er einn eða fleiri úr stjórn sjóðsins meðal umsækjenda um styrk úr sjóðnum; vikur þá sá (eða þeir) sæti úr stjórninni á þeim fundi, er styrkveiting fer fram. Og skulu þá varamenn sitja á fundi í þeirra stað.

20. gr.

Öll deilumál, sem rísa út af reglugerð þessari eða framkvæmd hennar milli meðlimanna eða stjórnarinnar, skal útkljá með gerðardómi. Ef gerðardóms er krafist, er hvor málspartur skyldur að nefna einn mann í dóminn. Þeir tveir, sem tilnefndir eru, velja þriðja manninn. Komi þeir sér ekki saman um hann, skal hann skipaður af lögmanninum í Reykjavík. Þessi þriggja manna dómur

hefir úrskurðarvald, sem báðir málsaðilar eru skyldir að hlíta.

Kostnað, sem leiðir af gerðardómi, greiðir sá, sem málið fellur á.

21. gr.

Ákvæðum þessarar reglugerðar má breyta og bæta við á lögmætum aðalfundi, að undanskildri 4. gr. Verði 4. gr. samt sem áður breytt, hefir verkamannafélagið „Dagsbrún“ rétt til að fá endurgoldið af styrktarsjóðnum allt það fé, sem runnið hefir beinlínis frá félaginu til sjóðsins á árunum 1906—1910.

22. gr.

Sjóðstofnun þessa skal leysa upp, þegar ekki hafa fleiri en 20 menn greitt ársiðgjöld síðastliðið almanaksár. Skal sú stjórn, sem þá er fyrir sjóðnum, ráðstafa eignum sjóðsins. Gengur þá til verkamannafélagsins „Dagsbrún“, ef það er við líði, það fé, sem það félag hefir greitt beinlínis til sjóðsins á árunum 1906—1910. Enn fremur er þeim mönnum, sem þá eru löglegir meðlimir sjóðsins, borgað allt það fé, sem hver einstakur hefir greitt í iðgjöldum til sjóðsins. Því, sem þá verður eftir, skal varið til styrktar einhverju líknar- eða mannúðar-fyrirtæki, sem stjórnin finnur ástæðu til að styrkja.

23. gr.

Sjóðurinn tók til starfa 1. febrúar 1911.

Reykjavík, 26. janúar 1930.

Sigurður Guðmundsson.

Kjartan Ólafsson.

Skipulagsskrá

fyrir

„Styrktarsjóð verkamanna- og sjómanna-félaganna í Reykjavík“.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Styrktarsjóður verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík.

2. gr.

Við sölu botnvörpunga, er fram fór árið 1917, var það skilyrði af landsstjórnarinnar hendi fyrir samþykki sölunnar, að nokkru af söluverðinu yrði varið til bóta fyrir atvinnutjón handa fólki, sem atvinnu hefir haft af fiskveiðum á sjó og landi. Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum hluta þess fjár, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 3. apríl 1919.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn kosnir til þriggja ára, í fyrsta sinn árið 1920; árið 1921 gengur eftir hlutkesti einn maður úr stjórninni og skal þá maður kosinn í hans stað til þriggja ára. Árið 1922 gengur annar þeirra stjórnenda sjóðsins, er kosnir voru 1920, úr stjórninni eftir hlutkesti, og skal þá kosinn í hans stað maður til þriggja ára. Síðan gengur ár hvert sá stjórnandi úr stjórninni, sem lokið hefir kjörtímabili sínu.

Kosning í stjórn sjóðsins skal fara fram í janúarmánuði ár hvert. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík kys stjórnina.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum.

Fari maður úr stjórn sjóðsins áður en kjörtími hans er liðinn, kýs Fulltrúaráðið mann í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi fjárhald sjóðsins, ávaxtar höfuðstól hans, hefir á hendi greiðslu úr honum og veitir móttöku fé, sem til sjóðsins rennur.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Skal því svo og þeim hluta af tekjum hvers árs, er leggjast eiga við höfuðstól sjóðsins, varið til kaupa á ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum eða öðrum álika trygghum verðbréfum að dómi stjórnarráðsins, og höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður á sama hátt.

Af ársvöxtum höfuðstólsins skal jafnan leggja við höfuðstólinn 10% — tíu af hundraði. Af öðrum tekjum, er sjóðnum kunna að hlotnast, skal einnig leggja 10% við höfuðstólinn. Enn fremur legst við höfuðstól sjóðsins það af tekjum hvers árs, sem ekki hefir verið úthlutað fyrir áramót.

90% — níutíu af hundraði — af ársvöxtum höfuðstólsins, og öðrum tekjum sjóðsins, má árlega verja til styrktar félagsmönnum í sjómanna og verkamannafélögum (karla og kvenna) í Reykjavík, þeirra, sem nú eru, eða síðar kunna að verða stofnuð, og sem eru í Alþýðusambandi Íslands, er þeir hafa orðið fyrir slysum eða heilsutjóni.

6. gr.

Styrk skal veita úr sjóðnum er fé er fyrir hendi og umsóknir um styrk liggja fyrir, er ástæða þykir

að taka til greina. Stjórn sjóðsins ræður styrkveitingum, og skal hún við styrkveitingar taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda, til þess, að hve miklu leyti slys það eða heilsutjón, sem hann hefir orðið fyrir, hefir rýrt vinnuhæfi hans og til þess, með hverjum atvikum hann varð fyrir slysinu eða heilsutjóninu, svo og þess, hvort honum er bætt tjón það, er hann þannig hefir orðið fyrir, annars staðar að, að nokkru eða öllu leyti.

Sá, sem æskir styrks úr sjóðnum, er skyldur að láta stjórninni í té allar þær upplýsingar, er að styrkveitingunni lúta, meðal annars upplýsingar um það, hvornig slys það, er hann hefir orðið fyrir, hefir atvikast, svo og hvert tjón hann hefir beðið af því, og enn fremur sanna það með vottorði hlutadeigandi félagsstjórnar, að hann njóti fullra félagsréttinda í sjómanna- eða verkamanna-félagi í Reykjavík, sem er í Alþýðusambandi Íslands.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa fullgert reikning sjóðsins fyrir hvert umliðið ár fyrir 20. dag janúarmánaðar. Afrit af ársreikningum og skýrslu stjórnarinnar um starfsemi sjóðsins skal senda bæjarstjórn Reykjavíkur og stjórnarráði Íslands.

Reikningurinn skal endurskoðaður af tveim mönnum; kýs Fulltrúaráð verklýðsfélaganna í Reykjavík annan, en bæjarstjórn Reykjavíkur hinn, og skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Fulltrúaráð verklýðsfélaganna leggur samþykki á ársreikninginn. Reikninginn skal birta í B-deild stjórnartíðindanna.

Reglugerð

Vinnudeilusjóðs Verkamannafélagsins „Dagsbrún“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Vinnudeilusjóður“ og er eign Verkamannafélagsins „Dagsbrún“.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: að styrkja þá meðlimi, sem vegna fjárhagslegra ástæðna geta ekki staðið í fylkingu, er félagið lendir í vinnudeilum við atvinnurekendur, t. d. verkböndum eða verkföllum.

3. gr.

Hver löglega skráður félagi greiði árlegt gjald til sjóðsins, sem ákveðið sé á aðalfundi og sé tekið af eða ásamt árstíllagi hans til félagsins. Sé aðalfélagi varanlega óvinnufær greiðir hann ekkert gjald í sjóðinn.

4. gr.

Stjórn Verkamannafélagsins „Dagsbrún“ hefir á hendi stjórn sjóðsins og ber hún ábyrgð á honum gagnvart félaginu.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins, birtir með félagsreikningum og bornir undir aðalfund félagsins til samþykta.

6. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar höfuðstóll hans er kr. 15 000,00 — fimtán þúsund krónur —, en aldrei má skerða fyrstu kr. 10 000,00 — tíu þúsund krónurnar —, er safnast í sjóðinn og skal ávalt árlega leggja hálfu vexti þeirrar upphæðar við höfuðstólinn. En hinum helmingi vaxtanna, árlegum iðgjöldum og öðrum tekjum, er sjóðnum kunna að áskotnast, má verja til styrktargjalda samkvæmt 2 gr.

7. gr.

Rétt til styrks úr sjóðnum á hver aðalfélagi „Dagsbrúnar“ sem:

- a. Hefir verið 1 ár skrásettur í félaginu.
- b. Hefir greitt árgjald sitt til félagsins og sjóðsins og er skuldlaus við félagið þegar styrkbeiðni kemur fram.
- c. Hefir þörf á styrk að áliti styrkveitinganefndar.
- d. Hafi félagsmaður greitt sjóðnum aukagjald umfram ákveðið árgjald, skal hann fá 50 % af því fé 14 dögum eftir að deila hefst, ef hún hefir valdið atvinnustöðvun hans. Þetta hefir þó eigi áhrif á aðra styrkveiting úr sjóðnum.

8. gr.

Á hverjum aðalfundi sé kosin þriggja manna nefnd, er hefir á hendi að veita styrk úr sjóðnum og heitir nefndin styrkveitinganefnd. Tveir menn skulu vera kosnir til vara.

9. gr.

Styrkveitinganefnd skal ávalt halda gerðabók yfir styrkbeiðni og styrkveitingar. Allar styrk-

ávisanir skulu sendar skriflega til gjaldkera félagsins, undirritaðar af styrkveitinganefnd.

10. gr.

Allur ágreiningur út af styrkveitingum eða meðferð sjóðsins skal borinn undir lögmætan félagsfund til úrskurðar.

11. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt. Fyrir þá upphæð sjóðsins sem samkvæmt 6. gr. skal ávalt vera óskert, má kaupa veðdeildarbréf eða önnur tryggileg verðbréf með ríkissjóðsábyrgð, samkvæmt ályktun félagsfundar, en það, sem sjóðurinn fer fram úr því, skal ávalt vera í handbærú fé og skal ávaxtast í peningastofnun með ríkisábyrgð.

12. gr.

Verði sjóður þessi af einhverjum ástæðum að hætta störfum, þá ráðstafar aðalfundur verkamannafélagsins „Dagsbrún“ eignum hans.

13. gr.

Reglum þessum má að eins breyta á aðalfundi.

Þannig samþykkt á félagsfundi 8. október 1933.

Héðinn Valdimarsson
formaður.

Kr. Arnðal
ritari.